

**Námsáætlun fyrir íslensku - 5. bekkur ÁT**  
**skólaárið 2019 – 2020**



**Kennari:** Ásta Sigurlaug Tryggvadóttir, Jón Ögmundsson  
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>• Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.</li> <li>• Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra og æfi sig að sýna flytjendum tillitssemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans.</li> <li>• Að nemendum sé gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim.</li> <li>• Nemendur taki þátt í stuttum leikþáttum og söngatriðum t.d. á árshátíð og í helgileikriti.</li> </ul>	Verkefni í framsögn.
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</li> <li>• Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</li> <li>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</li> <li>• Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa daglega heima í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. Yndislestur fer fram á hverjum degi og þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 10 mínútur í hljóði.</li> <li>• Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur geta valið sér bók á bókasafninu til að lesa í heima eða í skólanum.</li> </ul>	Lesferill, lesfimispróf í september, janúar og maí. Lesskilningskannanir.

	<p>notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum úr þeim.</li> </ul>	
<b>Ritun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</li> <li>Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</li> <li>Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur eru þjálfaðir í að semja sögur og lesa þær upp.</li> <li>Nemendur skrifa eftir forskrift.</li> <li>Stafsetning er þjálfuð markvisst. Þá eru unnar æfingar, skrifaðir textar og reglur kenndar og þjálfðar.</li> </ul>	<p>Ritunarverkefni Stafsetningarverkefni Orðabókarverkefni</p>
<b>Málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</li> <li>Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</li> <li>Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.</li> <li>Nemendur vinna með tungumálið á ýmsan hátt t.d með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum.</li> <li>Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra.</li> <li>Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna</li> </ul>	<p>Málfræðiverkefni tvisvar yfir önnina.</p>

**Námsgögn:**

Lestrarbækur í samræmi við getu og áhuga hvers og eins. Skrift 5, ýmis spil, margvíslegir textar, Orðspor 1, Orðspor 1-vinnubók. Fyrsti smellur. Málrækt 2 og ýmis ljósrít úr Skinnu, Skræðu og Mál í mótun.

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnistáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.